

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2012 – síðari umræða 12. janúar 2012


Inngangur

Nokkrar breytingar hafa orðið á fjárhagsáætlun frá fyrri umræðu. Hér verður ekki farið yfir hverja breytingu fyrir sig, heldur farið yfir niðurstöður áætlunarinnar í stórum dráttum. Áætlunin gerir ráð fyrir að hagnaður A-hluta verði 22 m.kr, en að samstæða A og B hluta verði rekin með 12 m.kr. hagnaði.


Tekjur

Heildartekjur samstæðu A- og B- hluta verða samkvæmt áætluninni 684 m.kr., þar af eru tekjur A-hluta 515 m.kr. Tekjur frá Jöfnunarsjóði aukast talsvert frá fyrra ári sem skýrist að miklu leyti af grunnskólaframlagi Jöfnunarsjóðs sem hefur verið sveiflukennt undanfarin ár. Þannig var útgreitt grunnskólaframlag árið 2011 einungis um 14 m.kr. í stað 26 m.kr eins og búast hefði mátt við. Þar var um leiðréttingu á endanlegu framlagi árið 2009 að ræða, en það ár hafði verið greitt of mikið framlag til sveitarfélagsins sem nam um 12 m.kr. Á árinu 2012 er svo verið að leiðrétta grunnskólaframlag vegna ársins 2010, en þá hafði framlagið verið rúmlega 15 m.kr. of lágt. Framlag ársins 2012 hefði orðið 27 m.kr. án leiðréttingar. Heildar skatttekjur að meðtöldum tekjum úr Jöfnunarsjóði verða þannig 480 m.kr. í samanburði við 407 m.kr. árið á undan, þar af er reiknað með að útsvarið verði 315 m.kr. og fasteignaskattar 31 m.kr.

Þótt framlög Jöfnunarsjóðs hækki á árinu 2012 frá því sem var á árinu 2011, þá þyrftu tekjur frá Jöfnunarsjóði að hækka um 21% til að ná sömu fjárhæð í krónum og þær voru árið 2008. Þá þyrftu framlög að aukast um önnur 22% til að ná sama verðgildi og árið 2008. Það er því ljóst að sveitarfélögin eru almennt að verða fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna minni framlaga úr Jöfnunarsjóði.



Skiptingu tekna A – hluta má svo sjá á Mynd 2.



Breytingar frá fyrri umræðu

Veruleg breyting er á gjaldskrá leikskólans, bæði frá fyrri umræðu í bæjarstjórn og frá núgildandi gjaldskrá, 2011. Gjaldskránni verður breytt frá og með 1. febrúar og lækkar þá grunn gjald fyrir 8 klst. vistun úr kr. 29.719,- í kr. 24.240,- eða lækkun um ríflega 18% frá fyrra ári. Systkinaafsláttur er áfram 35% fyrir annað barn en gjaldfrjálst er fyrir þriðja barn og er afslátturinn samtengdur milli daggæslu hjá viðurkenndum dagmæðrum og hjá leikskóla og heilssdagsskóla. Þá eru sérstakir afsláttir fyrir einstæða foreldra og námsfólk ef bæði eru í námi.

Allt bendir til að eftirspurn eftir leikskólaplássi geti orðið meiri næsta haust en hægt verður að anna í núverandi húsnæði í Hlíðarstræti og Lambhaga. Af þessum sökum hefur verið ákveðið að auka verulega niðurgreiðslu á þjónustu dagmæðra. Vonir eru bundnar við að það leiði til þess að einhverjir sjái sér fært að veita þjónustuna og að hún verði nýtt. Almenn niðurgreiðsla nemur kr. 3.750,- í stað 2.200 kr. á gæslustund áður pr. mánuð eða samtals 30.000 krónum á mánuði ef miðað er við 8 st. vistun pr. dag. Einstæðir foreldrar fá niðurgreiðslu sem nemur kr. 5.062,- í stað 2.700 kr. á gæslustund á mánuði eða kr. 40.500,- á mánuði. Hækkun niðurgreiðslu er því á bilinu 70% til 87%. Bolungarvíkurkaupstaður er með þessum breytingum mjög samkeppnisfær við önnur sveitarfélög í þessum efnunum.

Sú leiðrétting sem fengist hefur á framlögum Jöfnunarsjóðs hefur þannig verið nýtt m.a. til að lækka leikskólagjöldin og auka niðurgreiðslur til dagmæðra.

Sú breyting hefur orðið á gjaldskrá sundlaugarinnar að börn og unglingar í Ísafjarðarbæ sem hafa árskort í sundlaugar Ísafjarðarbæjar fá frían aðgang að sundlauginni gegn framvísun árskorts, en börn yngri en 6 ára fá áfram frítt. Á sama hátt fá Bolvíkingar á sama aldri frítt í sundlaugar Ísafjarðarbæjar gegn framvísun árskorts sem gildir í sundlaug Bolungarvíkur.

Aðrar smávægilegar breytingar á gjaldskrá frá fyrri umræðu í bæjarstjórn verða ekki tíundaðar hér.


Framlög til málaflokka af skatttekjum

Útgjöld til fræðslumála aukast um 8,3% á milli ára, aðallega vegna nýrra kjarasamninga, en einnig vegna minni tekna málaflokksins með lækkun leikskólagjalda eins og áður er komið inná. Fræðslumálin taka í heild til sín um 46,5% af skatttekjum eða 223 m.kr. samanborið við 212 m.kr. í endurskoðaðri áætlun 2011, en þá námu gjöldin ríflega 51%. Hlutfallslegur munur stafar að mestu leyti af leiðréttingu á framlögum Jöfnunarsjóðs.

Rúmlega 8% af skatttekjum fara til félagsmála og svipað hlutfall fer til íþróttá og æskulýðsmála. Settar eru 3,7 m.kr. í atvinnumál, en þar er um að ræða sérstakt framlag í sameiginlegt markaðsátak á Vestfjörðum sem nemur 760 þús. krónum auk 3 m.kr. framlags í óskilgreind verkefni í atvinnumálum. Bæjarráð hefur þegar velt upp nokkrum hugmyndum í því efni sem ekki verða raktar hér.

Skipting rekstrarkostnaðar í A-hluta


Launakostnaður í A-hluta er 53% af tekjum, annar rekstrarkostnaður 34%, fjármagnskostnaður 4%, og afskriftir 5%. Reiknað er með að rekstrarafkoma A-hluta sé jákvæð um 4% eða 22 m.kr. sbr. mynd 3. og rekstrarafkoma samstæðu A- og B- hluta verði jákvæð um 12,3 m.kr. Ástæða þess að afkoma samstæðunnar er lakari en A-hlutans er að 13 m.kr. tap er á rekstri vatnsveitunnar og 16 m.kr. tap á rekstri félagslega íbúðakerfisins. Hinsvegar er reiknað með 15 m.kr. hagnaði af rekstri Bolungarvíkurhafnar.



Mynd 3

Framlegð

Framlegðin eða EBITDA af rekstri A- hluta er 75 m.kr. eða u.þ.b. 13%, sem er talsvert betri niðurstaða en gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun 2011. EBITDA af rekstri samstæðunnar er hinsvegar 121 m.kr. eða tæp 18% sem verður að teljast mjög viðunandi.



Mynd 3

Sjóðstreymi og lántaka

Veltufé frá rekstri A-hluta er 65 m.kr., en samstæða A- og B- hluta skilar 90 m.kr. í veltufé frá rekstri.

Seint á árinu 2011 var ákveðið að ráðast í 139 m.kr. lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga, til að lengja meðallánstíma á lánum sveitarfélagsins, sem var einungis u.þ.b. 7 ár. Lánið er tekið í tveimur áföngum og var fyrri hluti lánsins að upphæð 76 m.kr. tekinn á árinu 2011, en síðari hlutinn að upphæð 63 m.kr. verður tekinn á árinu 2012. Þá er gert ráð fyrir að taka 10 m.kr. lán vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir. Ennfremur er í áætluninni gert ráð fyrir 45 m.kr. lántöku, sem gæti þurft að nýta tímabundið vegna greiðslu á framkvæmdum, en reiknað er með að handbært fé hækki um þá upphæð á árinu þannig að í lok ársins verði það lán í rauninni orðið handbært fé.

Fjárfestingar - framkvæmdir

Stærsta framkvæmdin á árinu 2012 er endurnýjun flotbryggju í Bolungarvíkurhöfn. Reiknað er með að hlutur Bolungarvíkurhafnar í framkvæmdinni sé um 10 m.kr. Þá er reiknað með að öðrum framkvæmdum að upphæð 4,6 m.kr. þ.á.m. til að ljúka viðgerðum á sjóvörn og brimvarnargarði utan við Brimbrjót og öldudempandi fláa í ytri höfninni.

Í grunnskólanum er m.a. reiknað með að fara í tengigang á milli íþróttamiðstöðvarinnar og grunnskólans, en framkvæmdinni var frestað á árinu 2011.

Þá er gert ráð fyrir fjárveitingu til lokafrágangs innanhúss í Félagsheimilinu, en þar er m.a. um að ræða framkvæmdir til að bæta hljóðvist í húsinu þannig að það geti enn betur gengt sínu hlutverki m.a. sem tónleikahús og fundarhúsnæði. Í þeim tilgangi verða m.a. sett upp gluggatjöld ofl. til hljóðdempunar, en með því gefst möguleiki á að stýra hljóðdempuninni nokkuð fyrir mismunandi notkun hússins.

Gert er ráð fyrir að ljúka við snjóflóðavarnirnar á árinu en ætla má að byggingu varnargarðanna sé að 90% lokið. Ennþá á þó eftir að bjóða út uppgræðslu garðanna og umhverfisins, en reikna má með að uppgræðslan geti tekið 5 ár.

Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir framkvæmdum við Sjóminjasafnið Ósvör, sem alfarið verði fjármagnaðar með styrkjum sem þegar hafa fengist á fjárlögum, fyrri ára en hafa staðið óhreyfðir. Áætlunin gerir ráð fyrir að hægt verði að áfangaskipta framkvæmdum við við þjónustuhús þannig að fjárútlát vegna framkvæmda ársins takmarkist við ósótta styrki.

Áætlunin gerir enn fremur ráð fyrir fjárveitingu til undirbúnings framkvæmda og forhönnunar vegna leikskóla, en starfandi er nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir leikskólamálin og hvernig sé heppilegast að koma leikskólanum undir eitt þak í stað þess að reka hann á tveimur stöðum eins og nú er gert.

Varðandi frekari fjárfestingar og yfirlit um framlög í hverja fjárfestingu fyrir sig, vísast til yfirlits sem fylgir útprintaðri fjárhagsáætlun 2012.

Hér hafa eingöngu verið tíndar til helstu framkvæmdi sem heyra undir fjárfestingu, en ekki verið farið yfir þær framkvæmdir sem tilheyra viðhaldi og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Bæjarráð hefur farið yfir allar helstu viðhaldsframkvæmdir á fundum sínum um fjárhagsáætlun og forgangsraðað þeim. Þar má nefna að reiknað er með að mála glugga nýrri grunnskólabyggingarinnar og fara í fyrsta áfanga af þremur sem eftir eru við endurnýjun glugga í eldri byggingu. Þá er reiknað með að endurnýja gler í austurhlið tónlistarskólans svo einhver dæmi séu tekin.

Að lokum

Við vinnslu fjárhagsáætlunar standa bæjarfulltrúar einatt frammi fyrir þeim vanda að þurfa að velja og hafna. Margar framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem áhugi er fyrir að framkvæma og full þörf er á að framkvæma þurfa því miður að biða betri tíma. Forgangsröðin í fjárhagsáætlun verður auðvitað alltaf að vera sú að sinna fyrst lögbundnum verkefnum um leið og það er haft að leiðarljósi að þjónustan sé af sem mestum gæðum. Þá þarf ætíð að hafa í huga að þjónustan sé framkvæmd á sem hagkvæmastann hátt, því þannig má smátt og smátt gera betur og auka þjónustustigið eða leggja meira fé í framkvæmdir og viðhald.

Að lokum vil ég þakka bæjarfulltrúum og þá sérstaklega fulltrúum í bæjarráði fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunarinnar. Auk þess vil ég nota tækifærið og þakka fjármálastjóra og öðrum forstöðumönnum og starfsmönnum sérstaklega þeirra framlag við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar ásamt gjaldskrá er hér lögð fram til síðari umræðu.

Bolungarvík 12. janúar 2012

Elías Jónatansson, bæjarstjóri